

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 21. júní 2018 í máli nr. E-3339/2017:

A

(Sveinn Andri Sveinsson lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Óskar Thorarensen lögmaður)

Mál þetta, sem var dómtekið 22. maí sl., var höfðað 23. október 2017 af A, [...], Reykjavík, gegn íslenska ríkinu, Arnarhvoli við Lindargötu í Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert að greiða honum 4.000.000 kr. með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 8. maí 2014 til 12. janúar 2017, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda auk málskostnaðar, en til vara að krafa stefnanda verði lækkuð verulega og málskostnaður látinn niður falla.

I.

Í máli þessu gerir stefnandi kröfu um bætur vegna miska sem hann hafi orðið fyrir vegna handtöku og gæsluvarðhalds.

Samkvæmt gögnum málsins var stefnandi handtekinn 7. maí 2014 vegna rökstudds gruns um kynferðisbrot gegn B, í félagi við fjóra aðra menn. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 9. maí 2014 var stefnanda gert að sæta gæsluvarðhaldi. Í úrskurðinum kom fram að með vísan til greinargerðar lögreglu og rannsóknargagna væri vafalaust að rökstuddur grunur væri uppi um að stefnandi hafi gerst sekur um brot sem fangelsisrefsing væri lögð við. Í ljósi þess og að til staðar væru brýnir rannsóknarhagsmunir, var stefnandi úrskurðaður í gæsluvarðhald.

Krafist var framlengingar gæsluvarðhalds þann 15. maí 2014, en Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði þeirri kröfu á þeirri forsendu að varhugavert væri að slá því föstu að fyrir lægi sterkur grunur um að stefnandi hafi í félagi við aðra beitt stúlkuna ofbeldi, hótunum eða annarskonar ólögumætri nauðung til þess að eiga við hana samræði eða önnur kynferðismök sbr. 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Því var ekki talið að uppfyllt væru skilyrði 2. mgr. 95. gr. laganna og var kröfu um áframhaldandi gæsluvarðhald því hafnað. Framangreindur úrskurður héraðsdóms í máli nr. R-147/2014 var svo staðfestur með dómi

Hæstaréttar Íslands 19. maí 2014 í máli nr. 343/2014.

Ákæra vegna málsins var gefin út 28. maí 2015. Stefnanda var þar gefið að sök kynferðisbrot gagnvart áðurnefndri B með því að hafa í félagi með meðákærðu haft margs konar kynferðismök við hana með því að beita hana ofbeldi og annars konar ólögmætri nauðung.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 20. nóvember 2015 var stefnandi sýknaður þar sem ósannað þótti að hann hefði gerst sekur um þá háttsemi sem honum var gefin að sök. Með dómi Hæstaréttar 29. september 2016 í máli nr. 35/2016 var niðurstaða héraðsdóms um þetta efni staðfest.

II.

Bótakrafa stefnanda er á því byggð að hann hafi orðið fyrir tjóni með því að hafa verið handtekinn og hnepptur í gæsluvarðhald og haldið í einangrun þar í 8 daga. Byggt er á því að íslenska ríkið beri skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda þar sem sönnur hafi ekki verið færðar á ætlaða sök stefnanda og hann að endingu verið sýknaður.

Þá er á því byggt að hvorki hafi verið tilefni til gæsluvarðhaldsins, né hafi lögmælt skilyrði verið uppfyllt fyrir gæsluvarðhaldinu og það framkvæmt með óþarflega harkalegum, særandi og móðgandi hætti.

Stefnandi hafi ávallt haldið fram sakleysi sínu gagnvart þeirri háttsemi sem hann hafi verið ásakaður um og ljóst sé að gæsluvarðhaldsvistin hafi verið að ósekju. Stefnandi hafi dvalið í einangrun frá 8. maí 2014 til 15. maí 2014. Er á því byggt að stefnandi hafi á engan hátt stuðlað að því með framburði sínum eða háttsemi að knýjandi hafi verið að úrskurða hann í gæsluvarðhald. Framburður hans hafi verið skýr og afdráttarlaus alla tíð.

Stefnandi krefst viðurkenningar á bótaskyldu stefnda vegna ólögmætrar gæsluvarðhaldsvistar og einangrunar og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum miskabætur. Farið er fram á bætur í samræmi 1. og 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, þar sem fram kemur að maður sem hefur verið borinn sökum á rétt til bóta m.a. ef mál hans hefur verið fellt niður.

Stefnandi hafi orðið fyrir miklu tilfinningalegu tjóni vegna þeirrar gæsluvarðhaldsvistar og einangrunar sem hann sætti. Tjónið sé fyrst og fremst ófjárhagslegt og felist í mannorðsmissi, þjáningum og óþægindum vegna framangreindrar rannsóknar og frelsissviptingar, eða með öðrum orðum, miska og hneisu. Einangrunarvistin hafi verið stefnanda sérstaklega þungbær. Hann hafi haft áhyggjur af ættingjum og ástvinum og átt við andlega vanlíðan og svefnleysi að stríða. Eðli málsins samkvæmt sé frelsissvipting andleg þrekraun. Sérstaklega eigi þetta við þegar horft sé til ungs aldurs stefnanda en hann hafi ekki verið fullra 18 ára þegar hann var hnepptur í gæsluvarðhald.

Stefnandi vísar til framlagðrar greinargerðar Reynars Kára Bjarnasonar sálfræðings, sem haft hafi stefnanda í viðtalsmeðferð. Þar komi fram að það hafi verið gríðarlegt áfall fyrir stefnanda að vera ásakaður um nauðgun, sem hann upplifi sig saklausan af. Sálfræðingurinn lýsi upplifun ákærða A af dvöl í fangelsi og hvernig líf og sálarástand hans hafi breyst til hins verra eftir að sakir þessar voru á hann bornar og hann mátti sæta gæsluvarðhaldi.

Stefnandi gerir kröfu um miskabætur að fjárhæð 4.000.000 kr. og útskýrir þá fjárhæð þannig að miðað sé við 500.000 kr. fyrir hvern dag í einangrun, eða samtals 4.000.000 kr. Gerð er krafa um vexti og dráttarvexti samkvæmt lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

III.

Um varnir vísar stefndi til þess að í gæsluvarðhaldsúrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 9. maí 2014, sem stefnandi hafi ákveðið að una, hafi sérstaklega verið skírskotað til þess að í 5. mgr. 95. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 komi fram að ekki megi úrskurða sakborning yngri en 18 ára í gæsluvarðhald, nema telja megi víst að önnur úrræði sem vísað til í 1. mgr. 100. gr. sömu laga, eða mælt sé fyrir um í barnaverndarlögum standi því ekki í vegi fyrir að kærði yrði úrskurðaður í rannsóknargæslu. Að mati stefnda hafa dómstólar því fjallað um að fyrirkomulag þvingunarráðstöfunarinnar var lögmeitt eins og sakir stóðu og er á því byggt af hálfu stefnda.

Í 1. mgr. 90. gr. sakamálalaga sé að finna hina almennu heimild lögreglu til að handtaka mann í þágu rannsóknar sakamáls, en í ákvæðinu segir að lögreglu er rétt að handtaka mann ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi framið brot sem sætt getur ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, til að tryggja návist hans eða öryggi hans eða annarra ellegar til að koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum eða hafi áhrif á framburð vitna. Frumskilyrði sé að rökstuddur grunur leiki á að maður hafi framið brot. Í því tilviki sem hér um ræðir hafi legið fyrir rökstuddur grunur um að stefnandi hafi framið brot, en frásögn stefnanda við frumyfirheyrslu hafi verið afar óskýr og hann virst ekki láta allt uppi.

Í þessu samhengi vísar stefndi einnig til úrskurðar héraðsdóms í máli nr. R-133/2014, þar sem stefnanda var gert að sæta gæsluvarðhaldi, en að mati dómsins hafi legið fyrir rökstuddur grunur um alvarlegt brot. Stefnandi hafi ákveðið að una úrskurði héraðsdóms um gæsluvarðhald.

Þá bendir stefndi á að ekki þurfi að liggja ljóst fyrir, þegar maður er handtekinn, hvað nákvæmlega það er sem hann hafi gerst sekur um, né þurfi að liggja ljóst fyrir hver þáttur hans sé í því broti sem til rannsóknar er.

Þá hafi handtakan verið nauðsynleg til að tryggja návist stefnanda, sem og að koma í veg fyrir spillingu sönnunargagna vegna áframhaldandi rannsóknar málsins, s.s. að hafa áhrif á samseka, afmá merki eftir brot eða skjóta undan munum. Í málinu hafi ekki verið búið að afla allra tiltækra sönnunargagna, þ. á m. skýrslna af öðrum, eða stefnanda sjálfum. Í því sambandi verði að hafa í huga að fjöldi manns hafi legið undir grun sem gerendur og afar óljóst um málsatvik. Þá virðist mega sjá af gögnum máls að reynt hafi verið að afmá sönnunargögn.

Stefndi mótmælir því að ekki hafi verið ástæða til handtöku, en stefndi telur að handtaka stefnanda hafi verið lögreglu heimil samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 88/2008 og að ekki hafi verið gengið of langt við aðgerðina. Stefnandi hafi verið undir rökstuddum grun með vísan til alls framangreinds, um að hafa brotið kynferðislega gegn kæranda og hafi sá grunur meðal annars byggst á á myndbandsupptöku.

Stefndi hafnar því að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni, mannorðsmissi, þjáningum, óþægindum og hneisu eins og haldið er fram í stefnu. Þá er sjónarmiðum stefnanda um andlega vanlíðan og svefnleysi mótmælt. Mótmælt er framlagðri skýrslu sálfræðings. Stefndi telur ósannað að orsakasamband sé á milli líðanar stefnanda sem þar er lýst og aðgerða lögreglu, m.a. handtöku og gæsluvarðhalds.

Stefndi mótmælir því að fullnægt sé skilyrðum almennra reglna skaðabótaréttar eða 26. gr. skaðabótalaga fyrir kröfu stefnanda. Þá sé ekki fullnægt skilyrðum annarra bótaákvæða sem stefnandi vísar til í stefnu.

Stefnandi byggir á því í stefnu að hann hafi á engan hátt stuðlað að því með framburði sínum eða háttsemi að knýjandi hafi verið að úrskurða hann í gæsluvarðhald og að framburður hans hafi verið skýr og afdráttarlaus alla tíð. Stefndi mótmælir þessum fullyrðingum stefnanda. Stefndi byggir á því að stefnandi hafi valdið og stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfur sínar á, sbr. 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 og hann hafi því fyrirgert bótarétti sínum. Að auki er vísað til 246. gr. laganna í heild.

Hafa verði í huga að um alvarlegar sakargiftir var að ræða og miklu hafi varðað fyrir framhald málsins hvernig skýringum stefnanda og framferði að öðru leyti var háttað. Stefnanda hafi við þessar aðstæður mátt vera ljóst mikilvægi þess að skýra undanbragðalaust og greinilega frá öllum atvikum varðandi málsatvik, hans aðkomu að málinu og á þann hátt að unnt yrði að afla staðfestingar þess að rétt væri frá greint. Skírskotar stefndi í því sambandi til þeirrar meginreglu að sakborningi sé óskýlt að svara spurningum um refsiverða hegðun, sem honum er gefin að sök.

Stefndi telur að full ástæða hafi verið til aðgerða lögreglu í málinu. Rökstuddur grunur hafi legið fyrir um að stefnandi hafi verið gerandi í málinu og hafi það

meðal annars byggst á myndbandsupptöku sem lá fyrir í málinu.

Að mati stefnda stuðlaði stefnandi sjálfur að þeim aðgerðum lögreglu sem gripið var til og er í þeim efnum vísað til málsatvika. Allar aðstæður hafi kallað á þessar aðgerðir lögreglu, hegðun stefnanda, óljósar skýringar við skýrslutöku, aðallega í því hvernig stefnandi lýsti atvikum máls í upphafi og aðdraganda að hinum kærða atburði.

Ljóst sé að stefnandi hafi tekið þátt í kynlífsathöfnum ásamt fjórum öðrum mönnum og verulegur aðstöðumunur verið milli stefnanda og kæranda málsins. Stefnanda hafi mátt vera það fulljóst að þær athafnir sem hann tók þátt í aðfaranótt 4. maí 2014, gátu ekki undir neinum kringumstæðum talist eðlilegar, þrátt fyrir ungan aldur stefnanda. Lögregla hafi talið vitnisburð kæranda, afstöðu stefnanda sjálfs í samtölum við aðra á facebook og myndbandsupptöku styðja þá niðurstöðu. Þá hafi stefnandi sjálfur verið óviss um það hvort kærandi hafi verið samþykkt því sem fram fór og þessir fimm aðilar rætt sín á milli eftir á, að það sem þeir gerðu hafi verið rangt.

Stefnandi hafi virst gera sér grein fyrir þessu. Í samtali hans við einn aðila máls komi fram að það væri skrítið að stúlkan fari til lögreglu og kæri nauðgun, þar sem hún sé ekki með marbletti eða neitt. Stefnandi svarar þessu: „ja gaur samt a videoi er þetta sma nauðgun sko“. Þarna hafi stefnandi margoft séð umrætt myndband, þrátt fyrir að hafa kannast lítið við það í upphafi máls.

Þá vísar stefndi til þess að í samskiptum stefnanda við annan aðila fyrra máls, segi sá aðili að það sé gott að myndbandið sé ekki lengur til, enginn geti séð það og því sé engin sönnun. Að mati stefnda hefði umrætt myndband þvert á móti átt að sanna að ekki hafi verið um nauðgun að ræða, hafi málsatvik verið með þeim hætti sem stefnandi og aðrir kærðu aðilar málsins héldu fram. Stefnandi og aðrir aðilar þess máls hafi þannig reynt að koma í veg fyrir að málsatvik væru upplýst. Af hálfu stefnda er tekið fram að með framangreindu sé því þó ekki haldið fram að stefnandi hafi þrátt fyrir allt verið sekur.

Stefndi mótmælir því að stefnandi eigi rétt til bóta samkvæmt þeim réttarheimildum sem hann vísar til í stefnu.

Varakrafa stefnda er studd sömu málsástæðum og aðalkrafa. Stefnukrafa sé allt of há og ekki í samræmi við dómaframkvæmd. Stefndi geri því kröfu um verulega lækkan stefnukröfu. Samkvæmt 2. ml. 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 sé heimilt að lækka bætur ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á.

IV.

Samkvæmt 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála á maður sem borinn hefur verið sökum í sakamáli rétt til bóta samkvæmt 2. mgr. 246. gr.

laganna ef mál hans hefur verið fellt niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi. Dæma skal bætur samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins vegna aðgerða skv. IX.–XIV. kafla laganna ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi. Þar er þó jafnframt tekið fram að fella megi niður bætur eða lækka þær hafi sakborningur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á.

Svo sem fyrir greinir sætti stefnandi frelsissviptingu í 8 daga í maímánuði 2014, sbr. úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur 9. maí 2014 í máli nr. R-133/2014. Gæsluvarðhaldsúrskurður héraðsdóms byggði á þeirri forsendu að í ljósi atvika og ríkra rannsóknarhagsmuna, svo og með hliðsjón af alvarleika brotsins sem hann var grunaður um kæmu önnur rannsóknarræði en gæsluvarðhald ekki að gagni. Stefnandi ákvað að una þessari niðurstöðu og sat í gæsluvarðhaldi þar til Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði kröfu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um áframhaldandi gæsluvarðhaldsvist stefnanda með úrskurði 16. maí 2018 í máli nr. R-147/2014. Hæstiréttur Íslands staðfesti þessa niðurstöðu héraðsdóms með vísan til forsendna úrskurðarins, sbr. dóm Hæstaréttar 19. maí 2013 í máli nr. 343/2014.

Stefnandi var ákærður 28. maí 2015 ásamt 4 öðrum mönnum fyrir nauðgun og barnaverndarlagabrot. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 20. nóvember 2015 í máli nr. S-335/2015 var stefnandi sýknaður af kröfum ákærvaldsins. Hæstiréttur staðfesti sýknu stefnanda með dómi 29. september 2016 í máli nr. 35/2016. Í samræmi við þau endalok sakamálsins á hendur stefnanda getur hann átt rétt á bótum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 vegna áðurnefndrar gæsluvarðhaldsvistar nema slá megi því föstu að stefnandi hafi valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum lögreglu sem kröfugerð hans lýtur að.

Í sýknudómi héraðsdóms í áðurnefndu máli nr. S-335//2015, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 35/2016, var áhersla á það lögð að ósannað væri að stefnandi hefði ásamt meðákærðu beitt stúlkuna ofbeldi og ólögmati nauðung. Með hliðsjón af því sem fram kemur í ofangreindum dómum um efni sakamálsins má leggja til grundvallar að málshöfðun sú sem hér er komin til meðferðar héraðsdóms eigi rót að rekja til ákvarðana sem stefnandi tók sjálfur þvingunarlaust og á eigin ábyrgð, þ.e. að eiga ásamt fjórum öðrum mönnum, á sama tíma, kynferðismök við 16 ára stúlku, meðvitaður um að athafnir hans voru teknar upp á myndband.

Íslenskur réttur grundvallast, nú sem fyrr, á þeirri meginreglu að sérhver fulltíða maður beri ábyrgð á orðum sínum og athöfnum. Þessi hornsteinn laganna, sem augljóslega er af stóru siðrænu og sögulegu bergi brotinn, markar enn útgangspunkt löggæslu og dómstarfa. Af þessu leiðir meðal annars að um bótakröfu stefnanda verður ekki fjallað án tillits til forsögu hennar og þáttar stefnanda í þeirri

sögu. Blasir þetta raunar við þegar haft er í huga að rökstuðningur bótakröfunnar skírskotar bæði beint og óbeint til þess að tjón hans verði rakið til skaðabótaskyldrar háttsemi af hálfu stefnda.

Í 2. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 er kveðið á um það að hlutverk lögreglu sé meðal annars að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og vinna að uppljóstran brota. Af þessu leiðir að þegar rökstuddur grunur er uppi um að alvarleg refsiverð brot hafi verið framin með aðkomu nafngreindra manna getur lögregla ekki gengið út frá því í aðgerðum sínum að ábendingar um slík brot hafi verið settar fram í vondri trú, enda er slíkt athæfi beinlínis refsivert samkvæmt 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, auk þess sem slíkt viðhorf lögreglu gæti haft margháttða almannahættu í för með sér. Á þessum grunni hefur löggjafinn lagt ýmsar skyldur á herðar lögreglu við rannsókn og meðferð sakamála, sbr. meðal annars ákvæði 1. mgr. 90. gr. laga nr. 88/2008, þar sem kveðið er á um að lögreglu sé „rétt að handtaka mann ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi framið brot sem sætt getur ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, til að tryggja návist hans eða öryggi hans eða annarra ellegar til að koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum.“

Þegar gæsluvarðhaldskrafa var send héraðsdómi 8. maí 2014 var rannsókn málsins á frumstigi og stefnandi grunaður um hlutdeild í alvarlegu kynferðisbroti samtals fimm manna gegn 16 ára stúlku og byggði sá grunur meðal annars á myndbandsupptöku af ætluðu broti. Í ljósi þess aðstöðumunar sem tölur þessar gáfu til kynna varðaði augljóslega miklu að stefnandi skýrði skýrt og undanbragðalaust frá öllum atvikum. Í samantekt um áðurnefnda skýrslutöku 7. maí 2014, sem lögð var fyrir héraðsdómara ásamt kröfu um lögreglunnar um gæsluvarðhaldsvist stefnanda 8. maí 2014 kemur fram að nafngreindur félagi stefnanda hafi „tekið upp símann sinn“ þegar stefnandi var að eiga samfarir við stúlkuna sem í hlut átti. Í nefndri skýrslu neitaði stefnandi því í fyrstu að hafa séð upptökuna en játaði það svo þegar gengið var á hann varðandi það atriði og bætti við að þeir „strákarnir“ hefðu séð upptökuna og sagt eiganda símans að eyða henni. Í ljósi þess að áðurnefnd gæsluvarðhaldskrafa lögreglu byggði meðal annars á því að rannsókn málsins væri á frumstigum og að meðal annars ætti eftir að yfirheyra sakborninga frekar og „rannsaka síma- og tölvugögn sakborninga“ má fallast á það með stefnda að framburður stefnanda hafi ekki verið fullkomlega skýr á upphafsstigum málsins. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af þeim alvarlegu sakargiftum sem ákærði hafði verið borinn af hálfu ætlaðs brotaþola verður ekki talið að aðgerðir lögreglunnar á frumstigum málsins hafi verið úr hófi fram, svo að bótaskyldu varði án þess að fleira komi til.

Í samræmi við stjórnskipan Íslands fara dómstólar með endurskoðunarvald gagnvart lögreglunni og embættisfærslu hennar. Kemur þetta meðal annars fram í ákvæði 3. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 þar sem mælt er fyrir um að með lögum skuli tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms og að maður skuli aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur. Nánari ákvæði um skilyrði gæsluvarðhalds og málskot er að finna í ákvæðum XIV. kafla og XXXI. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þessu til áréttingar má og geta þess að fram kemur í 1. mgr. 43. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla að dómarar leysi dómstörf af hendi á eigin ábyrgð og að dómsathöfn verði ekki endurskoðuð af öðrum nema með málskoti til æðri dóms. Þetta er rakið hér til að undirstrika þá staðreynd að stefnandi ber sjálfur ábyrgð á því að hafa ekki skotið gæsluvarðhaldsúrskurðinum 9. maí 2014 til æðri dóms í því skyni að fá úrskurðinn felldan úr gildi. Slíkt stóð honum þó augljóslega sjálfum næst.

Samkvæmt aðilaskýrslu sem stefnandi gaf við aðalmeðferð málsins fyrir dómi og samræmist niðurstöðum framlagðrar greinargerðar sálfræðingsins Reynars Kára Bjarnasonar 31. ágúst 2015 hefur stefnandi glímt við einkenni á borð við óöryggi og vanlíðan frá því að atvik þau urðu sem hér um ræðir. Í málinu hefur þó ekki verið sýnt fram á að orsakasamband sé milli þessarar líðanar stefnanda og tilvísaðra aðgerða lögreglu. Hefur þá verið sérstaklega til þess litið að stefnandi var samkvæmt gögnum málsins ekki aðeins meðvitaður um það að athafnir hans voru teknar upp á myndband, heldur einnig að þær orkuðu tvímælis í ýmsu tilliti. Í því samhengi verður ekki litið fram hjá ummælum sem stefnandi lét sjálfur falla í „Fésbókar-samskiptum“ 7. maí 2014 við C, sem síðar var ákærður ásamt stefnanda vegna málsins, en þar skrifaði stefnandi: „ja gaur samt a videoi er þetta sma nauðgun sko“. Að mati dómsins verða ummæli þessi ekki skilin á annan veg en þann að stefnanda hafi verið ljóst að hann gerðist þátttakandi í athöfnum sem gátu litið út fyrir að vera utan marka þess sem löglegt má telja. Að þessu virtu og að teknu tilliti til þess að stefnanda mátti frá upphafi vita hve auðveldlega má dreifa stafrænu myndefni nú á tímum verður ekki talið að stefnandi geti sótt bætur úr hendi stefnda vegna ótta, óöryggis og kvíða sem háttsemi stefnanda kann að hafa kallað yfir hann samkvæmt framansögðu.

Með hliðsjón af öllu framanrituðu telur dómurinn að fallast megi á það með stefnda að stefnandi hafi sjálfur stuðlað að þeim aðgerðum sem gripið var til af hálfu lögreglu. Stefnandi lét sjálfur undir höfuð leggjast að neyta málskotsréttar síns í þeim tilgangi að fá gæsluvarðhaldsúrskurðinum 9. maí 2014 hnekkkt og getur ekki gert stefnanda ábyrgan fyrir því athafnaleyssi sínu.

Í samræmi við framanritað verður ekki fallist á það með stefnanda að hann eigi rétt á bótum vegna handtöku og gæsluvarðhalds í maímánuði 2014.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður milli aðila falli niður.

Stefnandi nýtur gjafsóknar í þessu máli samkvæmt gjafsóknarleyfi frá 23. nóvember 2017. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, sem er þóknun lögmanns hans, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, og ákveðst 750.00 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, greiðist úr ríkissjóði.

Arnar Þór Jónsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð :

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 750.000 krónur, sem er málflutningsþóknun lögmanns hans, greiðist úr ríkissjóði.

Arnar Þór Jónsson